

# LANDSRÉTTUR

Úrskurður þriðjudaginn 19. maí 2026.

Mál nr. 364/2026:

## Ákærvaldið

(Vilhjálmur Reyrr Þórhallsson aðstoðarsaksóknari)

gegn

X

(Stefán Karl Kristjánsson lögmaður)

(Oddgeir Einarsson réttargæslumaður)

## Lykilorð

Kærumál. Kæruheimild. Frávísun frá Landsrétti að hluta. Skjal. Matsgerð. Vitni.

## Útdráttur

Kröfu X um að matsgerð dómkvaddis matsmanns sem lögð var fram í máli Á gegn honum yrði felld úr skjölum málsins, var vísað frá Landsrétti þar sem ákvörðun héraðsdóms um að hafna þeirri kröfu sætti ekki kæru til réttarins. Þá var staðfest sú niðurstaða héraðsdóms að hafna kröfu X um að meina Á að leiða þann sálfræðing sem vann matsgerðina fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð málsins.

## Úrskurður Landsréttar

Landsréttardómararnir Ásgerður Ragnarsdóttir, Eiríkur Jónsson og Jón Höskuldsson kveða upp úrskurð í máli þessu.

## Málsmeðferð og dómkröfur aðila

- Varnaraðili skaut málinu til Landsréttar með kæru 30. apríl 2026 sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum sama dag. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 28. apríl 2026 í málinu nr. S-[...]/2025 þar sem hafnað var kröfu varnaraðila um að framlagning matsgerðar A sálfræðings yrði dregin til baka og um að ákærvaldinu yrði meinað að leiða sálfræðinginn fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð málsins. Um kæruheimild vísar varnaraðili til n- og p-liðar 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála.
- Sóknaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.
- Varnaraðili krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og fyrrgreindar kröfur hans teknar til greina.

## Niðurstaða

- Fyrri krafa varnaraðila lýtur að því að sóknaraðila verði meinað að leggja fram nánar tiltekna matsgerð. Sóknaraðili lagði matsgerðina fram við þingfestingu málsins 4. febrúar 2026 en andmæli við framlagningu hennar komu fram 15. apríl sama ár. Krafa

varnaraðila er samkvæmt þessu að dómskjal sem lagt var fram verði felld úr skjölum málsins. Úrlausn héraðsdóms um að hafna þeirri kröfu sætir ekki kærur til Landsréttar samkvæmt 1. mgr. 192. gr. laga nr. 88/2008, sbr. til hliðsjónar dóm Hæstaréttar 16. maí 2012 í máli nr. 325/2012 og úrskurð Landsréttar 19. desember 2019 í máli nr. 841/2019. Verður kröfu varnaraðila um endurskoðun á úrskurði héraðsdóms að þessu leyti því vísað frá Landsrétti.

- 5 Seinni krafa varnaraðila lýtur að því að sóknaraðila verði meinað að leiða þann sálfræðing sem vann matsgerðina fyrir dóm sem vitni við aðalmeðferð málsins í héraði. Matsgerðin er meðal gagna sakamálsins og með hliðsjón af 2. mgr. 109. gr. laga nr. 88/2008 verður ekki fullyrt fyrir fram að umbeðin sönnunarfærsla sé bersýnilega þýðingarlaus, sbr. 3. mgr. 110. gr. sömu laga. Ákvæði b-liðar 2. mgr. 119. gr. laganna lýtur að því hvort vitni sé óheimilt að svara einstökum spurningum sem kunna að verða lagðar fram, en ekki skyldu þess til að koma fyrir dóm. Ákærvaldinu verður ekki meinað á grundvelli þessa ákvæðis að leiða sálfræðinginn fyrir dóm. Verður niðurstaða hins kærða úrskurðar að þessu leyti staðfest.

### Úrskurðarorð:

Vísað er frá Landsrétti kröfu varnaraðila, X, um að matsgerð A sálfræðings verði felld úr skjölum málsins.

Hinn kærði úrskurður er að öðru leyti staðfestur.

### Úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 28. apríl 2026

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar 24. apríl síðastliðinn, höfðaði héraðssaksóknari með ákæru útgefinni 20. nóvember 2025 á hendur ákærða, X, kt. [...], [...]. Í ákæru er ákærða gefin að sök frelsissvipting og stórfelld líkamsárás, með því að hafa á tímabilinu frá 25. ágúst 2014 og þar til síðdegis 27. ágúst sama ár svipt þáverandi sambýliskonu sína, B (hér eftir brotaþoli), frelsi sínu á þáverandi heimili þeirra, og ítrekað beitt hana ofbeldi á meðan á þeirri frelsissviptingu stóð á þann hátt sem nánar greinir í ákæru og með þeim afleiðingum sem þar eru tilgreindar. Í ákæru er háttsemi ákærða talin varða við 2. mgr. 218. gr. og 2. mgr. 226. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og þess krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þá er í ákæru tekin upp bótakrafa brotaþola. Hún krefst þess að ákærði verði dæmdur til að greiða henni miskabætur að fjárhæð 5.000.000 króna ásamt tilgreindum vöxtum og dráttarvöxtum.

Við þingfestingu málsins 19. janúar síðastliðinn neitaði ákærði sök og hafnaði framkominni bótakröfu brotaþola. Í samráði við sakflytjendur var ákveðið við sama tækifæri að aðalmeðferð málsins færi fram 7. maí næstkomandi. Líkt og vant er var við þingfestingu málsins lögð fram skjalaskrá lögreglu merkt viðeigandi málánúmeri ásamt fylgiskjölum. Á meðal þeirra fylgiskjala er matsgerð A sálfræðings, dagsett 15. desember 2020, sem dómkvödd var til að framkvæma umrætt mat undir rekstri forsjármáls sem brotaþoli höfðaði á hendur ákærða árið 2020. Þá matsgerð lagði brotaþoli fram ásamt ýmsum öðrum gögnum þegar hún mætti til lögreglu til að leggja fram kærur á hendur ákærða 11. janúar 2021.

Með tölvubréfi verjanda ákærða til dómara og sakflytjenda, dagsettu 15. apríl síðastliðinn, var framlagningu umræddrar matsgerðar mótmælt af hálfu ákærða sem og ráðgerðri skýrslutöku af A sálfræðingi við fyrirhugaða aðalmeðferð málsins og í ljósi þess óskað eftir því að boðað yrði til

þinghalds.

Í þinghaldi 24. apríl síðastliðinn krafðist ákærði þess að framlagning umræddrar matsgerðar yrði dregin til baka og ákærvaldinu hvort tveggja meinað að leggja hana fram í málinu sem og að leiða A sálfræðing fyrir dóminn sem vitni við aðalmeðferð þess. Ákærvaldið krefst þess að kröfum ákærða verði hafnað. Munnlegur málflutningur um þennan ágreining fór fram í umræddu þinghaldi og var hann að svo búnu tekinn til úrskurðar. Er sá þáttur málsins til úrlausnar hér.

## I.

### *Málatilbúnaður ákærða og ákærvaldsins*

Ákærði byggir einkum á því að umþrætt matsgerð eigi ekki erindi inn í þetta mál. Hennar hafi verið aflað í tengslum við forsjármál sem brotaþoli hafi höfðað á hendur ákærða og verði framlagning hennar heimiluð í síðar höfðuðu sakamáli geti það haft ófyrirsjáanlegar afleiðingar viðvíkjandi öflun matsgerða í forsjármálum og vilja aðila að slíkum málum til að tjá sig við dómkvadda matsmenn. Þinghöld í forsjármálum séu samkvæmt lögum háð fyrir luktum dyrum og jafnvel þótt dómari í þessu máli hafi ákveðið að hið sama skuli gilda um þinghöld í því geti fordæmið sem sett væri með því að heimila framlagningu matsgerðarinnar leitt til þess að slík framlagning yrði síðar heimiluð í málum þar sem þinghöld eru opin. Efni matsgerða forsjármálum sé aukinheldur í eðli sínu trúnaðarmál og þær geti því aldrei verið sönnunargögn í sakamálum. Af þeirri sömu ástæðu beri að meina ákærvaldinu að leiða A sálfræðing fyrir dóminn til skýrslugjafar enda sé hún bundin trúnaði um allt sem fram hafi komið í matsvinnunni.

Ákærvaldið byggir á því að umrædd matsgerð sé hluti af rannsóknargögnum málsins og því standi ekki nokkur rök til að draga framlagningu hennar til baka og meina ákærvaldinu að leggja hana fram. Samkvæmt 2. mgr. 134. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála leggi ákærandi fram þau skjöl og önnur sýnilega sönnunargögn sem aflað hefur verið við rannsókn máls og sönnunargildi hafi að hans mati. Ákærvaldið hafi því ákveðið mat um það á hvaða gögnum það byggi málatilbúnað sinn og hvaða gögn verði lögð fram í sakamáli. Það sé ekki á valdi dómara að hindra að slík gögn verði lögð fram nema þau séu bersýnilega þýðingarlaus fyrir málið eða því óviðkomandi, sbr. 3. mgr. 110. gr. sömu laga. Það eigi á engan hátt við um umrædda matsgerð enda hafi brotaþoli lagt hana fram samhliða kæru sinni til lögreglu og hún því verið á meðal rannsóknargagna málsins allt frá upphafi. Með sömu rökum verði ákærvaldinu ekki meinað að leiða A sálfræðing fyrir dóminn til að staðfesta umrædda matsgerð og gera grein fyrir efni hennar.

## II.

### *Niðurstaða*

Samkvæmt 1. mgr. 110. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála aftar ákærandi sönnunargagna en ákærði getur einnig aflað sönnunargagna telji hann ástæðu til þess. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar getur dómari aukinheldur beint því til ákæranda að afla gagna um tiltekin atriði máls telji hann það nauðsynlegt til að upplýsa það eða skýra og samkvæmt 3. mgr. getur dómari meinað aðila um sönnunarfærslu ef hann telur bersýnilegt að atriði sem aðili vill sanna skipti ekki máli eða að gagn sé tilgangslaus til sönnunar. Um skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn er svo sérstaklega fjallað í XX. kafla umræddra laga. Samkvæmt 1. mgr. 134. gr. leggja aðilar að sakamáli fram þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem þeir vilja að tekið verði tillit til við úrlausn máls. Samkvæmt 2. mgr. sömu greinar leggur ákærandi fram þau skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn sem aflað hefur verið við rannsókn og sönnunargildi hafa að hans mati. Í þessum ákvæðum felst sú grundvallarregla að aðilar sakamáls geta aflað þeirra sönnunargagna sem þeir óska og synjun um framlagningu þeirra verður að hafa lagastoð eða styðjast við önnur gild rök, sbr. efnisgrein 30 í dómi Hæstaréttar frá 14. febrúar 2024 í máli nr. 43/2023.

Samkvæmt 4. mgr. 134. gr. laga nr. 88/2008 er svo óheimilt að leggja fram í sakamáli skjöl eða annars konar gögn ef þau hafa að geyma upplýsingar um það sem sakborningi og verjanda hans hefur farið á milli, svo og upplýsingar sem 2. mgr. 119. gr. sömu laga tekur til. Samkvæmt b-lið 2. mgr. 119.

gr. er vitni óheimilt án leyfis þess sem í hlut á að svara spurningum um einkahagi manns sem því hefur verið trúað fyrir í starfi sem endurskoðandi, félagsráðgjafi, lögmaður, læknir, prestur, forstöðumaður í trúfélagi eða sálfræðingur ellegar í öðru starfi sem viðlíka trúnaðarskylda fylgir.

Ákærandi í máli þessu hefur metið það svo að umrædd matsgerð, sem aflað var við þá rannsókn sem leiddi til útgáfu ákæru í því og lögð var fram ásamt öðrum slíkum gögnum við þingfestingu þess, hafi sönnunargildi í málinu, sbr. 2. mgr. 134. gr. laga nr. 88/2008, og ekki hægt að líta svo á að hún sé bersýnilega þýðingarlaus fyrir málið eða því óviðkomandi, sbr. 3. mgr. 110. gr. sömu laga. Þá verður ákvæði 4. mgr. 134. gr. laga nr. 88/2008, sbr. b-lið 2. mgr. 119. gr. sömu laga, ekki talið girða fyrir framlagningu hennar enda um matsgerð dómkvadds sérfræðings að ræða sem í eðli sínu er ætluð til framlagningar í dómsmáli og aðstæður því allt aðrar en þær sem þar er kveðið á um. Loks er hvorki að finna í lögum ákvæði sem útilokar framlagningu matsgerða á borð við þá sem hér um ræðir í sakamálum né heldur standa að gættum framangreindum lagaákvæðum önnur gild rök til að synja um framlagningu umræddrar matsgerðar eins og hér stendur á. Verður framlagning hennar því hvorki dregin til baka né ákærvaldinu meinað að leggja hana fram. Með sömu rökum verður ákærvaldinu ekki meinað að leiða A sálfræðing fyrir dóminn sem vitni við aðalmeðferð þess til að staðfesta umrædda matsgerð og gera grein fyrir efni hennar telji það þörf á. Verður kröfu ákærða því hafnað.

Hulda Árnadóttir héraðsdómari kveður upp úrskurð þennan.

#### **Úrskurðarorð:**

Hafnað er kröfu ákærða, X, um að framlagning matsgerðar A sálfræðings, dagsettrar 15. desember 2020, verði dregin til baka og ákærvaldinu hvort tveggja meinað að leggja hana fram í málinu sem og að leiða A sálfræðing fyrir dóminn sem vitni við aðalmeðferð þess.